

Umhverfisstofnun
Áb. <i>KG</i>
08 DES. 2005
<i>20</i>
Tilv. <i>UST2005/100158</i>

Nefndasvið Alþingis  
umhverfisnefnd  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík



UST

Umhverfisstofnun

Environment and Food Agency of Iceland

Suðurlandsbraut 24  
IS - 108 Reykjavík, Ísland

© (+354) 591 2000

Fax (+354) 591 2010

umhverfisstofnun@ust.is

www.umhverfisstofnun.is

7. desember 2005

Skjalanúmer: 20

Tilvísun: UST20051100158/KG

### Frumvarp til laga um hollustuhætti og mengunarvarnir, úttekt faggilts aðila, 341. mál

Vísað er til erindis umhverfisnefndar, dags. 28. nóvember sl. sbr. bréf nefndarinnar dags. 29. nóvember sl., þar sem óskað var umsagnar Umhverfisstofnunar um frumvarp um breytingu á lögum um um hollustuhætti og mengunarvarnir, þar sem kveðið er á um heimild umhverfisráðherra til að ákveða að innra eftirlit eftirlitsskyldra aðila skuli að hluta eða í heild sæta úttekt faggilts aðila.

Eins og fram kemur í greinargerð með frumvarpinu er upphaf málsins ábending er barst frá nefnd sem gerði tillögur að reglugerð um öryggi leikvallatækja og leiksvæða og eftirlit með þeim en nefndin ályktaði að rétt væri að kveða á um að aðalskoðun leikvallatækja yrði framkvæmd af faggiltum skoðunaraðila. Frumvarpið gengur að vissu leyti lengra en ábending nefndarinnar þar sem heimild ráðherra er almennt orðuð og er því skv. frumvarpinu opnað fyrir þá leið að samskonar fyrirkomulag verði sett á um aðra starfsleyfisskylda starfsemi skv. lögum nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum.

Umhverfisstofnun gerir ekki athugasemd við efni frumvarpsins.

Virðingarfyllst,

*Elín Guðmundsdóttir*  
Elín Guðmundsdóttir  
forstöðumaður

*Þór Tómasson*  
Þór Tómasson  
staðgengill forstöðumanns